



2025

# KOSTNAÐUR VIÐ SMÁGREIÐSLUMIÐLUN



Það er hlutverk Seðlabanka Íslands að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Liður í því er að safna gögnum um ólíka greiðslumiðla og leggja mat á kostnað við notkun þeirra.

Í *Kostnaði við smágreiðslumiðlun* er greint frá niðurstöðum Seðlabankans varðandi mat á þjónustugjöldum og/eða einkakostnaði (þjónustugjöldum og samfélagskostnaði) í smágreiðslumiðlun. Upplýsingarnar byggja undir stefnumörkun og ákvarðanatöku Seðlabankans og geta jafnframt gagnast öðrum þátttakendum í greiðslumiðlun. Þær nýtast m.a. við mat á því hvort tiltekinn greiðslumiðill sé hagkvæmari í notkun en annar og hvort gjöld séu í samræmi við kostnað við rekstur greiðslumiðla og greiðsluþjónustu.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

3. rit 20. janúar 2025 ISSN 2988-8972, vefrit.

Öllum er frjálst að nota efni úr *Kostnaði við smágreiðslumiðlun* en þess er óskað að getið sé heimildar.

# Efnisyfirlit

	Kostnaður við smágreiðslumiðlun í hnotskurn	4
<b>I</b>	<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>II</b>	<b>Gagnaöflun</b>	<b>7</b>
	Fyrirtæki í greiðslumiðlun	7
	Sölu- og þjónustuaðilar	8
	Heimili	8
	Undirverktakar í greiðslumiðlun	8
<b>III</b>	<b>Greiðslumiðlar</b>	<b>9</b>
	Reiðufé (seðlar og mynt)	9
	Greiðslukort, debet- og kreditkort	9
	Önnur greiðsluþjónusta	10
<b>IV</b>	<b>Einka- og samfélagskostnaður</b>	<b>11</b>
	Hvað hefur áhrif á kostnað við greiðslumiðlun	12
	Að nota greiðslukort erlendis	12
<b>V</b>	<b>Niðurstöður mats á kostnaði við smágreiðslumiðlun</b>	<b>13</b>
	Einkakostnaður og tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun	13
	Einkakostnaður sölu- og þjónustuaðila	14
	Einkakostnaður heimila	14
	Notkun innlendra greiðslumiðla innanlands	15
	Notkun innlendra greiðslumiðla erlendis	16
<b>VI</b>	<b>Heildarsamfélagskostnaður</b>	<b>18</b>
<b>VII</b>	<b>Samanburður</b>	<b>20</b>
<b>VIII</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>21</b>

# Kostnaður við smágreiðslumiðlun í hnotskurn



Fyrirtæki í greiðslumiðlun (s.s. bankar, sparisjóðir og færsluhirðar) bera hæstan kostnað af greiðslumiðlun en þau hafa líka tekjur af henni. Eins og í fyrri greiningum kom í ljós að mestur hagnaður fyrirtækjanna er af kreditkortanotkun. Áætlað er að hreinar tekjur af kreditkortanotkun hafi verið um 14 ma.kr. á árinu 2023.

Á árinu 2021 sýndu niðurstöður kostnaðarmats við smágreiðslumiðlun tap á rekstri reiðufjárúttekta hjá viðskiptabönkunum. Frá því mati hefur reksturinn hins vegar verið að skila jákvæðri afkomu vegna hagræðingar en líka vegna hækkunar á gjöldum við reiðufjárúttekt.



Áætlað er að heimilin á Íslandi hafi greitt um 14,4 ma.kr. í bein þjónustugjöld á árinu 2023 þar af 7,2 ma.kr. fyrir notkun innlendra greiðslumiðla innanlands og 7,2 ma.kr. fyrir notkun erlendis. Að raunvirði hækkuðu gjöldin um 9,7% frá árinu á undan. Óbeinu þjónustugjöldin námu um 17,5 ma.kr. en það eru gjöld sem söluaðilar greiða beint til færsluhirða vegna greiðslukortanotkunar og eru innheimt í gegnum vöruverð.

Hver færsla með innlendu debetkorti innanlands hjá söluaðila kostaði heimili um 18 kr. að meðaltali en kostaði um 121 kr. að meðaltali ef innlent debetkort var notað erlendis. Kostnaðurinn lækkaði við notkun innanlands milli árána 2022 og 2023 en hækkaði við notkun erlendis sem skýrist af fjölgun færslna og hækkun á gjöldum.

Árgjald kreditkorta hækkaði að meðaltali milli árána 2022 og 2023. Hver færsla með innlendu kreditkorti erlendis hjá söluaðila kostaði heimili um 175 kr. á árinu 2023.



Stærsti hluti gjalda fyrir notkun á innlendu greiðslukorti erlendis er gengisálag. Áætlað er að heimilin hafi greitt um 5,4 ma.kr. í slíkan kostnað á árinu 2023 eða um 140 kr. að meðaltali á hverja færslu.



Gjöld sem söluaðilar greiddu til fyrirtækja í greiðslumiðlun fyrir greiðslukortanotkun hækkuðu um 13% að raunvirði milli árána 2022 og 2023. Hækkunina var meiri vegna notkunar á debetkortum en kreditkortum eða um 18% að raunvirði á móti 11%.



Með aukinni hagræðingu í rafrænni greiðslumiðlun og auknum fjölda færslna hefur kostnaður við greiðslumiðlun fyrir samfélagið lækkað frá síðustu mælingu árið 2021. Áætlaður samfélagskostnaður (innri kostnaður) af notkun greiðslumiðla hér á landi var um 54 ma.kr. á verðlagi árs 2023 eða um 1,25% af vergrí landsframleiðslu en var um 1,43% á árinu 2021. Hver debetkortafærsla kostar samfélagið minna en hver kreditkortafærsla.

Flest allir kostnaðarliðir við smágreiðslumiðlun hafa lækkað fyrir samfélagið (samfélagskostnaður) en þeir liðir sem hafa hækkað tengjast helst rekstri á rafrænni greiðslumiðlun m.a. vegna netöryggismála og greiðslukortasvika. Þá hefur verðbólgan áhrif á kostnað við greiðslumiðlun eins og á allt annað í samfélaginu.

Hver reiðufjárfærsla kostaði minna fyrir samfélagið á árinu 2023 borið saman við síðustu mælingu frá árinu 2021 einkum vegna hagræðingar við reiðufjárþjónustu. Það er jákvætt út frá kostnaðarsjónarmiði en getur haft í för með sér minni ávinning fyrir samfélagið.

# Inngangur



Í þessu riti er greint frá niðurstöðum Seðlabankans á mati á einkakostnaði (e. private cost) og samfélagskostnaði (e. social cost) í smágreiðslumiðlun fyrir árið 2023. Eins og áður fóru langflestar greiðslur hjá söluaðilum fram með greiðslumiðli sem er byggður ofan á erlenda kortainnvíði (debet- og kreditkort).

Frá árinu 2021 hefur Seðlabankinn safnað reglulega upplýsingum um kostnað vegna smágreiðslumiðlunar sem skiptist upp eins og hér segir:

- 1) Á hverju ári eru teknar saman annars vegar upplýsingar um þjónustutekjur af smágreiðslumiðlun og hins vegar um þjónustugjöld (ytri kostnað) sem lögð eru á við smágreiðslumiðlun hér á landi.
- 2) Á tveggja til þriggja ára fresti er lagt mat á samfélagskostnað (innri kostnað) og einkakostnaði (samanlagður kostnaður innri og ytri kostnaður) þátttakenda í smágreiðslumiðlun.

Bankinn hefur áður gefið út tvö rit um kostnað við smágreiðslumiðlun. Það fyrra kom út í maí 2023 og fjallar um samfélags- og einkakostnað og það síðara kom út í febrúar 2024 og fjallar um tekjur og gjöld í smágreiðslumiðlun.

Hlutverk Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Liður í því er að safna gögnum um ólíka greiðslumiðla og leggja mat á kostnað við notkun þeirra. Upplýsingarnar styðja við stefnumörkun og ákvarðanatöku Seðlabankans og skipta máli fyrir samfélagið allt enda gegnir greiðslumiðlun lykilhlutverki í efnahagslegum samskiptum manna á milli. Með vitneskju um kostnað við smágreiðslumiðlun er m.a. hægt að leggja mat á hvort tiltekinn greiðslumiðill sé hagkvæmari í

notkun en annar og hvort gjöld séu í samræmi við kostnað við að reka greiðslumiðla og greiðsluþjónustu. Notendur hafa val milli ólíkra greiðslumiðla en skortur er á gagnsæi hvað varðar gjaldtöku sem gerir það að verkum að þeir eiga erfitt með að átta sig á hvað hentar þeim hverju sinni. Talið er æskilegt að notandi sem velur dýrari greiðslumiðil vegna þæginda, fríðinda eða af öðrum ástæðum, greiði meira fyrir notkun þess greiðslumiðils en notandi sem velur ódýrari kost. Ella er líklegt að hinn síðarnefndi niðurgreiði kostnað þess sem velur dýrari greiðslumiðilinn.

Við mat á kostnaði við smágreiðslumiðlun sem hér er greint frá er ekki tekið tillit til þess samfélagslega ávinnings sem hlýst af notkun greiðslumiðla, þ.e. að hve miklu leyti greiðslumiðlar uppfylla þarfir notenda og samfélagsins. Þegar gerð er heildarúttekt á hagkvæmni greiðslumiðla er bæði tekið tillit til ávinnings og kostnaðar. Slík úttekt getur leitt í ljós að tiltekinn greiðslumiðill sem metinn er kostnaðarsamari en annar veiti meiri samfélagslegan ávinning sem réttlæti það að notendur og samfélagið í heild greiði meira fyrir notkun hans.

Á árinu 2023 var markaður fyrir smágreiðslumiðlun hér á landi óbreyttur frá árinu 2022 í þeim skilningi að enginn nýr greiðslumiðill kom á markaðinn. Á árinu 2023 fóru tveir nýir innlendir aðilar að veita færsluhirðingu, Landsbankinn og Straumur sem er dótturfélag Kviku. Fyrir voru tveir færsluhirðar sem eru í eigu erlendra aðila, Teya og Rapyd. Á árinu 2023 var stofnað nýtt fyrirtæki í greiðslumiðlun sem heitir Blikk og hófst starfsemi þess á árinu 2024. Fyrirtækið er ekki hluti af því mati sem hér er kynnt þar sem það nær til ársins 2023. Blikk býður upp á greiðslumiðil sem er byggður beint ofan á bankareikning (e. account-to-account,

A2A). Nokkrir erlendir aðilar sem lúta eftirliti annars staðar en á Íslandi buðu líka upp á færsluhirðingu hér á landi á árinu 2023 sem og greiðsluþjónustu og greiðslumiðla. Meðal þeirra má nefna Planet, myPOS og Nets. Of snemmt er að segja til um hvort aukin samkeppni á milli fyrirtækja í greiðslumiðlun skili sér í lægra verði fyrir neytendur en fylgst verður með þróuninni.

Verðbólga getur haft áhrif á einkakostnað allra þátttakenda í greiðslumiðlun. Ástæðan er sú að ef aðföng, sem þátttakendur leggja til og eru nauðsynleg til að framleiða, miðla og taka við greiðslumiðli og veita greiðsluþjónustu, hækka í verði þá hækka gjarnan gjöld við notkun greiðslumiðla og greiðsluþjónustu. Þegar gjald sem fyrirtæki í greiðslumiðlun greiða til vinnsluaðila hækkar svo dæmi sé tekið eiga fyrirtækin til að hækka verðskrá til söluaðila. Sú hækkun hjá söluaðila fer inn í verðlag sem neytandinn greiðir að lokum. Aukin greiðslukortanotkun hefur líka áhrif á tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun og gjaldaliði þeirra því söluaðilar greiða færsluhirðum gjald fyrir hverja færslu. Á árinu 2023 dróst innlend debetkortavelta saman frá árinu á undan en færslum fjölgaði. Kreditkortaveltan jókst lítillega á sama tímabili og það sama má segja um kreditkortafærslur. Greiðslukortanotkun heimila erlendis jókst hins vegar umtalsvert milli áranna.

Niðurstöður kostnaðarmatsins eru birtar í V. kafla. Þær skiptast í:

- Mat á einkakostnaði eftir þátttakendum í greiðslumiðlun, þ.e. hjá fyrirtækjum í greiðslumiðlun (viðskiptabönkum, sparisjóðum, færsluhirðum og öðrum sem veita greiðsluþjónustu), sölu og þjónustuaðilum og heimilum. Samhliða einkakostnaði fyrirtækja í greiðslumiðlun eru birtar niðurstöður um tekjur þeirra af greiðslumiðlun.
- Mat á samfélagskostnaði við greiðslumiðlun og greiðsluþjónustu.

# Gagnaöflun



Öflun gagna fór fram á árinu 2024 vegna ársins 2023 hjá fyrirtækjum í greiðslumiðlun sem eru: Viðskiptabankar, sparisjóðir, færsluhirðar, önnur fyrirtæki sem bjóða greiðslumiðla eða greiðsluþjónustu á markaði og Seðlabanki Íslands. Könnun var lögð fyrir heimili og söluaðila á árinu 2024. Niðurstöður úr könnunum hjá söluaðilum og heimilum eru nýttar til að áætla og reikna út rekstrarútgjöld þeirra, notkun og fjárhæðir við greiðslumiðlun.

Í ritinu eru niðurstöður um samfélagskostnað bornar saman við niðurstöður sem byggðar voru á gögnum frá árinu 2021 og birtust í riti Seðlabankans í maí 2023. Upplýsingar um tekjur og gjöld eru bornar saman við niðurstöður frá 2022 sem birtust í riti Seðlabankans í febrúar 2024. Breytingar á kostnaði og tekjum eru staðvirtar skv. vísitölu neysluverðs án húsnæðis á grunni 1. janúar 2021. Í ritinu er ekki fjallað um kostnað annars konar fyrirtækja en þeirra sem selja vöru og þjónustu á smásölumarkaði. Gjöld sem opinberar stofnanir leggja á eða greiða fyrir við greiðslumiðlun voru ekki hluti af gagnasöfnuninni.



## Fyrirtæki í greiðslumiðlun

Bankar og sparisjóðir gegna lykilhlutverki í virðisdeðju greiðslumiðlunar þar sem allar rafrænar færslur og reiðufjárúttektir eru á einhverjum tímapunkti skuld-

færðar af bankareikningi. Þeir gefa einnig út greiðslukort og veita aðgang að búnaði til greiðslumiðlunar, t.d. netbanka, smáforritum og hraðbanka. Færsluhirðar eru í viðskiptasambandi við sölu- og þjónustuaðila og gera þeim kleift að taka við greiðslum með greiðslukortum. Fleiri fyrirtæki eru á markaði greiðslumiðlunar hér á landi sem bjóða viðskiptavinum greiðslumiðla og hraðbankaþjónustu. Seðlabanki Íslands gegnir líka hlutverki í greiðslumiðlun með útgáfu seðla og myntar og rekstri millibankakerfis.

Aflað var gagna um samfélagskostnað, færslufjölda og tekjur og gjöld hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, færsluhirðum, innlendum og erlendum, og öðrum fyrirtækjum í greiðslumiðlun sem bjóða upp á BNPL-lausnir, hraðbankaþjónustu og greiðslusmáforrit. Gagna um fjölda færslna og veltu var einnig aflað hjá Seðlabanka Íslands, Rannsóknasetri verslunarinnar og Reiknistofu bankanna.

Spurningalisti var sendur fyrirtækjum í greiðslumiðlun og þau spurð út í kostnað og tekjur af greiðslumiðlum og greiðsluþjónustu skv. ABC aðferðafræðinni.<sup>1</sup> Spurningalistinn hefur breyst frá því að hann var sendur fyrst út til fyrirtækja árið 2014, einkum vegna tækniþróunar sem orðið hefur síðan þá. Ber því að taka allan samanburð með þeim fyrirvara. Óskað var eftir sundurliðun á þjónustugjöldum fyrir notkun á innlendum greiðslukortum innanlands og erlendis. Einnig sundurliðun á gjöldum af notkun á erlendum greiðslukortum héraðs til að áætla heildarþjónustugjöld í greiðslumiðlun og hlut notkunar á innlendum greiðslumiðlum

1. ABC-aðferðafræði stendur fyrir „Activity-Based Costing“ og er notuð við greiningu á kostnaði vegna mismunandi verkefna og hvernig kostnaður deilist á milli þeirra. Spurningalisti til greiðsluþjónustuveitenda er byggður á þessari aðferð og er í samræmi við sambærilegar greiningar erlendis, m.a. á vegum Evrópska seðlabankans og Seðlabanka Noregs.

hélendis. Kostnaður við útgáfu reiðufjár fyrir árið 2023 var tekinn saman af Seðlabankanum og fellur sá kostnaður sem sérliður undir samfélagskostnað. Ekki er víst að það magn reiðufjár sem gefið var út á árinu hafi verið nýtt að fullu á því ári til greiðslu milli manna og á sölustöðum heldur getur hluti þess hafa verið geymt í öryggishólfum, í bankahólfi eða á heimilum. Ekki er unnt að aðgreina þann hluta og því er allur kostnaður vegna útgáfu reiðufjár á árinu talinn með.

Seðlabankinn leggur ekki mat á áreiðanleika þeirra gagna sem berast frá fyrirtækjum í greiðslumiðlun að öðru leyti en að bera saman tölur við eldri gögn og gera athugasemdir við kostnað sem er óljós, óvenju hár eða lágur eða í ósamræmi við fyrri upplýsingar. Í öllum tilvikum bærust skýringar á kostnaðar- og tekjuliðum. Í nokkrum tilvikum gátu skilaaðilar ekki sundurliðað upplýsingar um kostnað sinn niður á ólíka greiðslumiðla enda var kostnaðurinn þá oftast sá sami óháð því hvort um var að ræða t.d. debetkort eða kreditkort. Í þeim tilvikum var kostnaðurinn áætlaður hlutfallslega í samræmi við færslufjölda hvers greiðslumiðils.

Rekstur greiðslumiðlunar er ekki endilega aðskilinn frá annarri starfsemi fyrirtækja í greiðslumiðlun. Fjármálafyrirtæki getur t.d. notað sama greiðsluferfi fyrir greiðslumiðla og fyrir aðra þjónustustarfsemi líkt og eignastýringu, fjárfestingu og lánveitingar. Á spurningalistanum var óskað eftir því að greiðsluþjónustuveitendur áætluðu hlut greiðslumiðla og greiðsluþjónustu í samnýttum innviðum og var það gert samkvæmt bestu ágiskun að sögn svarenda.

## Sölu- og þjónustuaðilar

Mat á kostnaði söluaðila á smásöllumarkaði byggist á niðurstöðum könnunar sem Gallup framkvæmdi fyrir Seðlabanka Íslands sumarið 2024. Eins og þegar fyrri greiningar fóru fram gekk erfiðlega að fá söluaðila til að svara könnuninni og var þátttökuhlutfall lágt eða um 30%. Því var ákveðið að bera niðurstöður úr könnuninni saman við upplýsingar sem aflað var við undirbúning kostnaðargreiningar árið 2018. Á árinu 2018 átti Seðlabankinn fund með helstu aðilum á dagvöru- og eldsneytismarkaði og lagði sérstakan spurningarlista fyrir smærri söluaðila til að áætla hlut kostnaðar við greiðslumiðlun af heildarveltu þeirra á smásöllumarkaði. Sú áætlun hefur verið uppfærð og samhliða voru ársreikningar söluaðila á smásöllumarkaði skoðaðir til að fá sem besta mynd af rekstrarkostnaði þeirra við greiðslumiðlun. Niðurstöður gefa til kynna að kostnaður söluaðila vegna greiðslumiðlunar sé að meðaltali á bilinu 5-6% af heildarveltu þeirra. Hlutfall greiðslumiðlunar

hjá smærri fyrirtækjum er þó almennt hærra. Kostnaður hefur lækkað um tæpt eitt prósent frá síðustu athugun sem skýrist af því að stórmarkaðir hafa tekið í notkun fleiri sjálfsafgreiðslukassa. Að auki aflaði Seðlabankinn upplýsinga af vefsíðu Hagstofu Íslands um meðallaun starfsmanna í verslunum og þjónustu á árinu 2023 til að reikna út tímavirði söluaðila við að móttaka tiltekinn greiðslumiðil frá neytendum.

## Heimili

Aflað var upplýsinga um kostnað heimila með könnun sem Gallup lagði fyrir þau vorið 2024. Í könnuninni voru heimilin m.a. spurð út í notkun ólíkra greiðslumiðla og þá sérstaklega um reiðufjárnotkun þar sem ekki er hægt að afla gagna um notkun þess nema þá helst með framkvæmd kannana. Færslufjöldi reiðufjár var áætlaður út frá niðurstöðum úr könnuninni ásamt áætlaðri veltu af notkun reiðufjár. Þessi nálgun hvað varðar reiðufé er vissulega takmörkunum háð en gefur engu að síður vísendingu um þann kostnað sem heimilin bera af notkun þess. Einnig var aflað upplýsinga úr gagnagrunni Seðlabankans um fjölda og veltu raf-rænna millifærslna fjármuna yfir landamæri (SWIFT- og SEPA-greiðslur).<sup>2</sup> Sömuleiðis var aflað upplýsinga hjá Reiknistofu bankanna (RB) um veltu og fjölda millifærslna fjármuna milli bankareikninga. Að auki aflaði Seðlabankinn upplýsinga af vefsíðu Hagstofu Íslands um meðaltal reglulegra launa á árinu 2023 til að reikna út tímavirði heimila við að nota tiltekinn greiðslumiðil á sölustöðum og greiðsluþjónustu hjá fyrirtækjum í greiðslumiðlun.

## Undirverktakar í greiðslumiðlun

Undirverktakar eru skilgreindir sem óbeinir þátttakendur í greiðslumiðlun þar sem þeir þjónusta fyrirtæki í greiðslumiðlun og söluaðila. Undirverktaki getur verið sá sem rekur gagnaver, kerfi fyrir heimildargjöf og jöfnun og uppgjör á greiðslukorti (VISA og Mastercard). Undirverktaki getur líka verið sá sem framleiðir greiðslukort, annast flutning á reiðufé eða leigir eða selur posa- eða kassakerfi fyrir sölu- og þjónustuaðila. Einkakostnaður undirverktaka er ekki hluti af kostnaði við smágreiðslumiðlun en öll gjöld sem fyrirtæki í greiðslumiðlun og söluaðilar greiða undirverktökum eru hluti af einkakostnaði þeirra.


2. SWIFT er alþjóðlegt samskipta- og greiðsluferfi sem notað er til að miðla greiðslum á milli banka. SEPA eru greiðslur sem eru framkvæmdar í evrum innan Evrópusambandsins ásamt Íslandi, Noregi, Sviss, Mónakó og Liechtenstein.



# Greiðslumiðlar



Á árinu 2023 voru eftirfarandi greiðslumiðlar og greiðsluþjónusta notuð: Reiðufé; greiðslukort (debet- og kreditkort) og önnur greiðsluþjónusta. Undir aðra greiðsluþjónustu flokkast millifærslur fjármuna á annan bankareikning, rafrænt eða hjá gjaldkera og BNPL-lausrir (e. buy-now-pay-later) þegar krafa er greidd í gegnum netbanka eða bankaapp. Hjá söluaðilum í smásölu voru helst notaðir eftirfarandi greiðslumiðlar: Greiðslukort, reiðufé og BNPL-lausrir.



## Reiðufé (seðlar og mynt)

Reiðufé (seðlar og mynt) er greiðslumiðill sem þarfnast ekki greiðslubúnaðar þar sem hægt er að nota það beint til greiðslu á vöru og þjónustu á sölustöðum, sem gjöf eða í sparnað. Heimilin sækja reiðufé annað hvort til gjaldkera eða í hraðbanka hér á landi eða erlendis. Þau geta líka sent peninga yfir landamæri með því

að afhenda innlendum þjónustuaðila í greiðslumiðlun íslenskar krónur, í seðlum, og móttakandi erlendis fær greitt í seðlum í sínum gjaldmiðli. Engin gjöld fylgja reiðufé þegar það er notað á sölustöðum en oft er greitt gjald þegar reiðufé er tekið úr hraðbanka og hjá gjaldkera. Söluaðilar þurfa líka að taka út reiðufé til að eiga skiptimynt.

Viðskiptabankar og sparisjóðir reka hraðbanka og útibú. Einnig reka önnur fyrirtæki í greiðslumiðlun hraðbanka. Má þar helst nefna útibú Euronet 360 Finance á Íslandi sem er í eigu Euronet Worldwide og skráð í Bandaríkjunum. Áætlað er að velta reiðufjár á sölustöðum á Íslandi hafi á árinu 2023 verið um 58 ma.kr. og fjöldi færslna verið rúmlega 14 millj. sem er tæplega 8% af heildarfærslufjölda greiðslumiðla.<sup>1</sup> Áætlað er skv. gögnum sem stuðst er við að velta reiðufjár hafi dregist saman um 4,5% að raunvirði milli árána 2022 og 2023 en færslufjöldinn hafi aukist um 18%.

## Greiðslukort, debet- og kreditkort


Greiðslukort eru debetkort og kreditkort og er það notað annað hvort á plasti eða gegnum greiðslusmáforrit í snjalltæki. Viðskiptabankar og sparisjóðir gefa út greiðslukort. Gjöld fyrir notkun greiðslukorta eru þau sömu fyrir neytendur óháð því hvort greitt er með kortinu sjálfu eða með smáforriti í snjalltæki. Gjöldin eru hins vegar ekki þau sömu fyrir innlenda og erlenda notkun.

1. Áætluð fjárhæð reiðufjár sem var nýtt á sölustað á árinu 2023 og færslufjöldi að baki fjárhæðarinnar eru reiknuð út frá meðalfjárhæð og meðalnotkun reiðufjár á sölustöðum skv. niðurstöðum úr könnun um greiðsluhegðun heimila sem Gallup framkvæmdi fyrir Seðlabankann á árinu í hlutfalli við seðla og mynt í umferð. Þessi áætlun gefur vísendingu um umfang reiðufjármotkunar en er takmörkunum háð.

Færsluhirðar annast þjónustu við söluaðila og veita þeim aðgang að kortauppgjörsferlinu. Fjórir innlendir færsluhirðar störfuðu á íslenskum markaði á árinu 2023, þ.e. Teya, Rapyd, Straumur og Landsbankinn. Þá starfar fyrirtækið Fjárflæði sem milliliður milli söluaðila og Nets, sem er erlent félag í færsluhirðingu. Fleiri erlendir færsluhirðar störfuðu á íslenskum markaði á árinu 2023 og má þar nefna Planet og myPos.

Um 91% færslu í innlendri smágreiðslumiðlun fór fram með greiðslukorti á árinu 2023. Áætlað er að heildarvelta þeirra hjá söluaðilum, innanlands og erlendis hafi numið um 1.401 ma.kr. á árinu og var færslufjöldinn um 208 milljónir. Á árinu dróst velta innlendra debetkorta saman um 6,5% að raunvirði borið saman við árið á undan en kreditkortavelta jókst um 0,6%. Greiðslukortanotkun heimila erlendis jókst umtalsvert milli ára 2022 og 2023 eða um 8,3%. Færslufjöldi greiðslukorta innanlands jókst um 5% á árinu og erlendis um 18%.

Heildarvelta erlendra greiðslukorta sem notuð voru á sölustöðum á Íslandi nam um 323 ma.kr. á árinu 2023 hækkaði um 22% að raunvirði frá árinu á undan. Færslufjöldinn var um 35 milljónir og jókst um 24% milli ára.




## Önnur greiðsluþjónusta

Til greiðsluþjónustu telst meðal annars millifærsla fjármuna í netbanka eða með bankaappi og millifærsla fjármuna hjá gjaldkera. Viðskiptabankar og sparisjóðir veita framangreinda þjónustu. Tvö fyrirtæki buðu upp á greiðslumáforrit til greiðslu milli einstaklinga (P2P-laun) á árinu 2023; Aur í eigu Kviku og Kass í eigu Íslandsbanka, en það síðarnefnda lagði niður starfsemi í apríl 2024. Áætlað er að heildarvelta millifærslu hafi

á árinu numið um 15 b.kr. og var færslufjöldinn um 52 milljónir.

Tvö fyrirtæki buðu BNPL-launir á markaðinum fyrir neytendur, Netgíró og Pei. Í þessari greiningu er BNPL skilgreind sem önnur greiðsluþjónusta en ekki sem greiðslumiðill. Hlutdeild BNPL í innlendri smágreiðslumiðlun hér á landi er mjög lítil eða innan við 1%.



Þegar millifæra á fjármuni yfir landamæri er það framkvæmt með millifærslu af bankareikningi í netbanka, með bankaappi eða hjá gjaldkera. Einnig er hægt að senda peninga yfir landamæri hjá aðila sem veitir þjónustu peningasendinga. Áætlað er að einstaklingar hér á landi hafi framkvæmt um 361 þúsund færslur yfir landamæri á árinu 2023, þar af um 341 þúsund rafrænar millifærslur og 20 þúsund peningasendingar. Um 60% allra rafrænna millifærslu fara út fyrir Evrópska efnahagssvæðið og um 90% allra peningasendinga. Að jafnaði kostar mun meira að senda færslu utan EES-svæðisins.

# Einka- og samfélagskostnaður



Einkakostnaður er samtala innri og ytri kostnaðar hjá þátttakanda í greiðslumiðlun. Innri kostnaður (e. internal cost) er öll aðföng sem þátttakendur í virðiskeðju greiðslumiðlunar leggja til og eru nauðsynleg til að framleiða, miðla og taka við greiðslumiðli eða nota greiðsluþjónustu. Ytri kostnaður (e. external cost) eru þjónustugjöld sem þátttakendur greiða öðrum þátttakanda í virðiskeðju greiðslumiðlunar og undirverktökum.


Samfélagskostnaður er innri kostnaður og felur m.a. í sér kostnað við aðföng og laun við greiðslumiðlun. Dæmi um aðföng í greiðslumiðlun eru fjárfesting í greiðslukerfum, hraðbönkum og kassakerfum, útgáfa reiðufjár, launakostnaður starfmannanna sem taka á móti greiðslum, tryggingar, öryggishólf, tap vegna fjársvika og sá tími sem það tekur að nota tiltekinn greiðslumiðil eða greiðsluþjónustu. Samfélagskostnaður ætti einnig að taka tillit til græns bókhalds og mengandi lofttegunda í rekstri við greiðslumiðlun en sá kostnaður fellur undir neikvæð ytri áhrif. Það er hins vegar ekki gert í þessari greiningu en ætti að skoða í náinni framtíð.

Þjónustugjald fyrir notkun greiðslumiðla og greiðsluþjónustu er ytri kostnaður. Dæmi um þjónustugjöld eru færslugjald fyrir hraðbankaúttekt, árgjald

greiðslukorts, vinnslugjald hjá undirverktaka og gjald fyrir millifærslu fjármuna hjá gjaldkera. Þjónustugjöldin eru ekki talin með sem samfélagskostnaður þar sem það gjald sem greitt er fyrir notkun greiðslumiðils í virðiskeðju greiðslumiðlunar telst til tekna hjá öðrum þátttakendum í keðjunni.

Einkakostnaði má einnig skipta í fastan og breytilegan kostnað. Fastur kostnaður er sá kostnaður sem er óháður framleiðslumagni, þ.e. breytist ekki hvort sem framleiddar eru 2 einingar eða 200 þús. einingar. Breytilegur kostnaður er sá kostnaður sem breytist með breyttu framleiðslumagni. Í greiðslumiðlun er fastur kostnaður jafnan hátt hlutfall af heildarkostnaði, sérstaklega hvað varðar rafræna greiðslumiðlun eins og greiðslukort, sem þýðir að kostnaður við hverja færslu lækkar eftir því sem færslum fjölga. Færslum fer fjölgaandi þegar tiltekinn greiðslumiðill verður vinsælli og færslum fjölga líka almennt þegar einkaneyslan eykst í hagkerfinu. Báðir þessir þættir hafa áhrif á einingaverðið, þ.e. það lækkar þegar færslum fjölga. Sú lækun skilar sér í meiri hagnaði fyrir fyrirtækin í greiðslumiðlun nema þau láti neytendur njóta þess að einhverju leyti í betri kjörum. Ísland er fámennit land og því kemur ekki á óvart að einingaverði í íslenskri greiðslumiðlun er nokkru hærra en í stærri samfélögum.


Ólíkt greiðslukortum hefur breytilegur kostnaður meiri áhrif á reiðufé vegna þess að hann er háðari magni seðla og myntar í umferð, dreifingu reiðufjárins, afgreiðslu reiðufjárúttekta og móttöku greiðslna í formi reiðufjár.<sup>1</sup>



1. Lesa má nánar um fastan og breytilegan kostnað í greiðslumiðlun hér: [Kostnaður við smágreiðslumiðlun 2023](#).

## Hvað hefur áhrif á kostnað við greiðslumiðlun

Þegar búnaður til notkunar við rekstur greiðslumiðla eða aðföng sem notuð eru við framleiðslu greiðslumiðla og greiðsluþjónustu hækka í verði þá eykst kostnaður samfélagsins við smágreiðslumiðlun. Hækkunin getur verið í takt við almenna verðlagsþróun en líka umfram hana eða vegna kaupa á nýjum tækjabúnaði, fjárfestinga í rannsóknum og þróunarvinnu á nýjum greiðslumiðli eða annarra þátta. Hækkun þjónustugjalda fyrir notkun á greiðslumiðli eða greiðsluþjónustu hjá söluaðila eða þjónustuveitenda ætti hins vegar að vera mun sýnilegri. Þegar söluaðili sem dæmi hækkar verð á vöru eða þjónustu greiðir hann færsluhirði hærra gjald af greiðslukortanotkun því fyrirtæki í greiðslumiðlun innheimta m.a. prósentugjald af virði hvernar færslu. Tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun hækka sem því nemur en gjöld sem þau greiða til undirverktaka geta líka hækkað. Á síðustu árum hefur vísitala neysluverðs hækkað skart. Á árinu 2023 mældist ársverðbólgan um 7,7% og án húsnæðis um 6,7%. Aðrir þættir hafa einnig áhrif á þjónustugjöldin og tekjumyndunina.



Tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun hækka þegar keypt er meira af vörum og þjónustu. Tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun hækka enn fremur ef heimilin nota greiðslukort meira erlendis því hver færsla er að jafnaði dýrari í notkun þar en innanlands. Að auki hækka tekjur þegar fleiri greiðslukort (debet og kreditkort) eru gefin út sem og þegar notkun ferðamanna á greiðslukortum eykst hér á landi.

## Að nota greiðslukort erlendis

Þegar heimili notar íslenskt greiðslukort til vöru- og þjónustukaupa erlendis eða gegnum erlenda netverslun greiða þau gjöld ofan á verð vörunnar. Í fyrsta lagi greiða þau gjald sem er mismunur milli kaup- og sölu-gengis (e. currency exchange fee) og ofan á það álag (e. mark-up) sem alþjóðlegu kortafyrirtækin innheimta af útgefendum greiðslukorta. Álagið er breytilegt og er mishátt eftir myntum. Í öðru lagi geta útgefendur lagt ofan á gjald kortafyrirtækjanna erlent færslugjald (e. foreign transaction fee) sem þeir innheimta hjá korthöfum. Upphaflega var þessu gjaldi ætlað að standa undir kostnaði banka við að gera upp og afgreiða alþjóðlegar greiðslur og lágmarka gengisáhættu. Í dag er greiðslukerfi milli landa mun skilvirkara og því er ekki eins mikil gjaldmiðlaáhætta til staðar. Áfram halda þó margir útgefendur greiðslukorta að innheimta erlent færslugjald af korthöfum. Viðskiptabankar sem eru útgefendur greiðslukorta hér á landi hafa rökstutt gjaldtökuna með því að vísa í gjaldaliði sem alþjóðleg kortafyrirtæki leggja á þá. Annars vegar vegna fyrrgreinds gjalds um gjaldmiðlaskipti sem kann þó að orka tvímælis því gengi krónunnar getur sveiflast í báðar áttir.<sup>2</sup> Hins vegar vegna kostnaðar við uppgjör þegar innlent greiðslukort er notað erlendis.<sup>3</sup>

2. Gengið getur verið bönkum í óhag einn daginn en þeim í hag næsta dag. Mismunurinn jafnast oftast út yfir tíma.
3. Skv. upplýsingum til útgefenda greiðslukorta eru uppgjörsgjöld almennt hærri en ef uppgjör fer fram með innlendu greiðslukorti innanlands.

# Niðurstöður mats á kostnaði við smágreiðslumiðlun



## Einkakostnaður og tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun

Fyrirtæki í greiðslumiðlun eru þeir þátttakendur sem bera mestan kostnað við greiðslumiðlun en þau fá líka tekjur á móti. Áætlað er að einkakostnaður þeirra hafi numið 43,2 ma.kr. á árinu 2023 og Seðlabankans um 0,7 ma.kr. Þar af greiddu fyrirtæki í greiðslumiðlun undirverktökum um 13,3 ma.kr. í gjöld (ytri kostnað). Heildartekjur lækkuðu að raunvirði um 8% milli árana 2022 og 2023. Hreinar tekjur af þjónustugjöldum voru um 18,5 ma.kr. og lækkuðu um 19% frá árinu á undan.

Tafla V-1 Einkakostnaður og tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun

Greiðslu- miðill, ma.kr.	Samfélags- kostnaður (A)	Gjöld (B)	Einka- kostnaður (A + B)	Heildar- tekjur	Hreinar tekjur <sup>1</sup>
Reiðufé	2,8	0,3	3,1	1,6	1,2
Seðlabanki Íslands	0,7	-	0,7	-	-
Greiðslukort	15,2	7,0	22,2	28,3	21,4
þ.a. debetkort	7,2	2,5	9,7	9,7	7,3
þ.a. kreditkort	8,0	4,5	12,5	18,6	14,1
Greiðsluþjónusta	11,1	6,1	17,2	2,0	-4,1
Alls	29,9	13,3	43,2	31,9	18,5

1. Millifærsla fjármuna á annan reikning, Netgír, Pei, Aur og Kass, reikningsyfirlit og skyld þjónusta.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Samfélagskostnaður (innri kostnaður) fyrirtækja í greiðslumiðlun var um 30 ma.kr. á árinu 2023 og jókst um 5,4% að raunvirði frá árinu 2021 þegar síðasta mæling á samfélagskostnaði fór fram. Það er undir almennri verðlagsþróun á tímabilinu. Samfélagskostnaður af greiðslukortum nam um 15,2 ma.kr. og hækkaði um 8% að raunvirði frá 2021. Milli þessara ára hefur orðið

meiri hagræðing í rekstri greiðslumiðla m.a. með aukinni sjálfvirkni í annarri greiðsluþjónustu og fækkun starfsmanna. Þá hefur farið minni kostnaður í markaðssetningu og þróun greiðslubúnaðar. Á móti hækkuðu nokkrir kostnaðarliðir, m.a. kostnaður við framleiðslu greiðslumiðla, vegna netöryggismála og ApplePay.<sup>1</sup> Sú þróun að fleiri heimili noti greiðslukort skráð í snjalltæki til greiðslu á vöru og þjónustu en áður hefur hins vegar ekki skilað sér í lægri framleiðslukostnað á greiðslukortum. Ætla mætti að kostnaður við að nota greiðslukort skráð í snjalltæki sé mun lægri en framleiðsla á áþreifanlegum greiðslukortum. Skv. upplýsingum frá bönkunum eru öll kort gefin út á plasti óháð því hvort korthafi óskar eftir því eða ekki. Korthafinn hefur því ekki val um útgáfu kortsins og greiðir því sama verð (þjónustugjald) hvort sem hann notar kortið sjálft eða ekki. Á árinu 2023 hækkaði líka fjármögnunarkostnaður kreditkortaheimilda vegna hærra vaxtastigs í landinu og kostnaður vegna aukinna kortasvika. Á móti lækkaði kostnaður við notkun reiðufjár um 9% sem skýrist af fækkun útibúa og hagræðingu við reiðufjárþjónustu. Þá eru almennt minni umsvif í kringum reiðufé í dag samhliða minni notkun á því.

Þjónustugjöld (ytri kostnaður) fyrirtækja í greiðslumiðlun hækkuðu milli árana 2022 og 2023 nema gjöld fyrir umsýslu með reiðufé en þau lækkuðu á tímabilinu. Þjónustugjöld fyrirtækjanna eru gjöld sem þau greiða til undirverktaka m.a. til alþjóðlegra kortaskema. Mest hækkuðu gjöld á debetkortum eða um 21% að raunvirði sem skýrist aðallega af aukinni notkun kortanna erlendis. Áætlað er að hreinar tekjur af greiðslukortum hafi verið um 21,4 ma.kr. og þar af rúmlega 14 ma.kr. af kredit-

1. Enginn kostnaður var gefinn upp frá GooglePay

kortanotkun. Bankar og sparisjóðir innheimta almennt ekki gjald fyrir millifærslu fjármuna á annan bankareikning innanlands en gjald er innheimt ef millifært er yfir landamæri. Eins og í fyrri greiningum er önnur greiðsluþjónusta rekin með tapi. Á árinu 2023 nam hún um 4,1 ma.kr. en var um 2,6 ma.kr. á árinu á undan.

## Einkakostnaður sölu- og þjónustuaðila

Áætlað er að einkakostnaður sölu- og þjónustuaðila hafi verið 22,6 ma.kr. á árinu 2023. Kostnaður af greiðslukortanotkun var langstærsti liðurinn og nam hann um 20 ma.kr. eða um 89% af heildarkostnaði. Inni í kostnaðinum er kostnaður vegna erlendra greiðslukorta en dýrara er fyrir söluaðila að taka á móti greiðslum með þeim en innlendum greiðslukortum.

Tafla V-2 Einkakostnaður söluaðila vegna notkunar greiðslumiðla

Greiðslumiðill, ma.kr.	Samfélagskostnaður (A)	Gjöld (B)	Einkakostnaður (A + B)
Reiðufé	1,8	0,2	2,0
Greiðslukort	2,9	17,2	20,1
þ.a. debetkort	1,6	5,7	7,3
þ.a. kreditkort	1,3	11,6	12,9
Greiðsluþjónusta	0,4	0,1	0,5
Alls	5,1	17,5	22,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

**Samfélagskostnaður (innri kostnaður)** er hluti af einkakostnaðinum og nam hann um 5,1 ma.kr. hjá söluaðilum. Kostnaðurinn nær m.a. yfir laun fyrir afstemmingu, uppgjör og móttöku reiðufjár frá viðskiptavinum, flutning á reiðufé, öryggisbúnað, tryggingar og tímavirði, þ.e. þann tíma sem tekur að taka við greiðslum. Virðið er metið út frá reglulegum launum starfsmanna í verslun og þjónustu. Samfélagskostnaðurinn dróst saman að raunvirði um 0,5% frá árinu 2021 sem helst má rekja til fjölgunar sjálfsafgreiðslukassa og minni reiðufjárnotkunar. Kostnaður við rekstur greiðslukorta jókst hins vegar um 20% sem skýrist af meiri greiðslukortanotkun og hækkun launa starfsmanna að því gefnu að sá tími sem tekur að taka við greiðslum hafi haldist óbreyttur milli ára. Þegar færslufjöldi eykst og laun hækka hjá starfsmönnum sem taka við greiðslum þá hækkar framleiðslukostnaður sölu- og þjónustuaðila á hverja færslu.<sup>2</sup>

2. Þó sjálfsafgreiðslukössum hafi fjölgað í stórverslunum hefur starfsmönnum ekki fækkað sem því nemur þar sem áfram þarf að fylgjast með og aðstoða neytendur við sjálfsafgreiðslu.

**Þjónustugjöld (ytri kostnaður)** er stærsti kostnaðarliður sölu- og þjónustuaðila. Gjöldin eru áætluð um 17,5 ma.kr. en voru áætluð um 14,6 ma.kr. á árinu 2022. Að raunvirði hækkuðu gjöldin um 4,7%. Langstærsti gjaldaliður söluaðila er gjöld af notkun greiðslukorta til færsluhirða og nam hann um 17,2 ma.kr. og hækkaði um 13% að raunvirði milli árána 2022 og 2023. Hækkunina er mun meiri af debetkortanotkun eða um 18% hækkun að raunvirði en kreditkortin hækkuðu að raunvirði um 11%. Gjöld af debetkortanotkun eru lægri en af kreditkortum vegna þess að milligjaldið sem er hluti af gjöldunum er lægra af debetkortum en af kreditkortum.<sup>3</sup> Í kafla III er vísað í að velta debetkorta dróst saman milli árána en færslufjöldinn jókst á móti öfugt við það sem átti sér stað á árinu á undan. Fjárhæð sem verslað var fyrir með debetkorti var því lægri að meðaltali. Söluaðilar greiddu hins vegar herra verð fyrir hverja færslu til færsluhirða. Hver færsla kostaði söluaðila um 60 kr. að meðaltali en kostaði um 50 kr. á árinu 2022 sem er um 19% hækkun að raunvirði. Hver kreditkortafærsla kostaði um 160 kr. að meðaltali og hækkaði að raunvirði um 12,6%. Á árinu 2023 störfuðu fleiri erlendir færsluhirðar hér á landi en við síðustu mælingu en ekki er vitað hverjar heildartekjur þeirra voru af færsluhirðingu. Mögulega eru þeir meira í viðskiptum við söluaðila sem reka ferðamannaverslanir og hlutur þeirra getur þannig haft áhrif á niðurstöðurnar. Má í þessu sambandi nefna að tekjur af erlendum kortum skv. gögnum frá innlendum færsluhirðum lækkuðu að raunvirði milli árána 2022 og 2023 þrátt fyrir að útgjöld ferðamanna hafi á sama tíma aukist. Ber því að taka samanburði á gjöldum milli ára með þessum fyrirvara.

Tafla V-3 Kostnaður á hverja færslu hjá söluaðilum

Gjöld á hverja færslu, kr.	2021	2022	2023
Reiðufé	471,7	846,7	902,6
Greiðslukort	70,0	90,1	103,0
þ.a. debetkort	43,6	50,2	59,7
þ.a. kreditkort	106,0	142,1	160,0
Greiðsluþjónusta <sup>1</sup>	0,5	0,6	0,1

1. Millifærslur fjármuna við sölu og skyld þjónusta.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## Einkakostnaður heimila

Áætlað er að einkakostnaður (innri og ytri kostnaður) heimila í greiðslumiðlun hafi numið um 21,5 ma.kr. á árinu 2023. Innri kostnaðurinn er fórnarkostnaður eins

3. Sbr. lög nr. 31/2019 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur. Áður hefur verið fjallað um milligjöld í riti Seðlabankans um kostnað við smágreiðslumiðlun, sjá m.a. hér.

og útskýrt er betur hér að aftan og ytri kostnaðurinn eru beinir útgjaldaliðir fyrir notkun á greiðslumiðlum og greiðslubjónustu. Langstærsti útgjaldaliður heimila var af greiðslukortanotkun eins og hjá söluaðilum þar sem greiðslukort eru mest notaði greiðslumiðillinn.

Tafla V-4 Einkakostnaður heimila af greiðslumiðlum

Greiðslu- miðill, ma.kr.	Samfélags- kostnaður (A)	Gjöld (B)	Einkakostnaður (A + B)
Reiðufé	0,6	1,4	2,0
Greiðslukort	3,1	11,1	14,2
þ.a. debetkort	1,8	4,1	5,8
þ.a. kreditkort	1,3	7,0	8,3
Greiðslubjónusta <sup>1</sup>	3,5	1,9	5,4
Alls	7,1	14,4	21,5

1. Millifærsla fjármuna á annan reikning, Netgír, Pei, Aur og Kass, reikningsfirlit og skyld þjónusta.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

**Samfélagskostnaður (innri kostnaður)** heimila er áætlaður um 7,1 ma.kr. Til hans telst eingöngu virði í tíma, þ.e. sá tími sem heimili telur að það taki að nota tiltekinn greiðslumiðil.<sup>4</sup> Sá kostnaður er skilgreindur sem fórnarkostnaður þar sem hægt hefði verið að nýta tímann í annað s.s. til að afla tekna eða skapa verðmæti. Ef það tekur skemmri tíma að nota einn greiðslumiðil en annan felur það í sér meiri skilvirkni fyrir notandann og lægri samfélagskostnað. Þessi aðferð við kostnaðarútreikning er takmörkunum háð og ber að túlka niðurstöðurnar með fyrirvara eins og fjallað var um í riti sem kom út í maí 2023.<sup>5</sup> Ákveðið var að styðjast við sama tímavirði í þessu mati og í matinu frá 2021 þar sem ekki er talið að mikil breyting hafi orðið á skilvirkni greiðslumiðlunar og engir nýir greiðslumiðlar verið teknir í notkun. Á móti hækkuðu laun á tímabilinu og er tekið tillit til þess við útreikningi á fórnarkostnaðinum.

**Þjónustugjöld (ytri kostnaður)** sem heimilin greiða fyrir notkun á tilteknum greiðslumiðli skipta mun meira máli. Þau gjöld sem heimilin greiða fyrir notkun á greiðslumiðli og greiðslubjónustu eru mishá og í sumum tilvikum engin. Sem dæmi greiða heimilin færslugjald fyrir að nota debetkort innanlands og erlendis en ekkert færslugjald er fyrir notkun á kreditkorti. Kostnaður á hverja færslu er ekki mikill í krónum talið en getur numið talsverðri fjárhæð þegar hann safnast saman og verið hlutfallslega mikill ef fjárhæð hvers færslu er lág. Heimili greiða líka árgjald fyrir debetkort og kreditkort en gjaldið á síðarnefnda

kortinu er mishátt og ræðst af því hvaða fríðindi og tryggingar fylgja kortinu. Eins og fjallað var um framar í þessum kafla um fyrirtæki í greiðslumiðlum þá eru kort-hafar rúkaðir um framleiðslukostnað á greiðslukortum, hvort sem þeir nota áþreifanlegt kort eða ekki, og er sá kostnaður færður inn í árgjaldið.

Gjald er líka innheimt þegar fé er tekið út úr hraðbanka ef útgefandi kortsins rekur ekki viðkomandi hraðbanka. Einnig innheimta bankar og sparisjóðir, að Indó undanskildum, gjald fyrir skipti á gjaldmiðli. Það á við um alla greiðslukortanotkun erlendis og ef erlendur gjaldveyrir er tekinn út af bankareikningi eða lagður inn á reikning. Ofangreind gjöld eru beinn kostnaður fyrir heimilin en í raun má segja að þau gjöld sem sölu- og þjónustuaðilar greiða fyrirtækjum í greiðslumiðlum séu gjöld sem leggjast óbeint á heimilin í gegnum verðlagningu á vöru og þjónustu.

Á árinu 2023 er áætlað að heimilin hafi greitt alls 14,4 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir notkun á greiðslumiðlum innanlands og erlendis. Að raunvirði hækkaði kostnaðurinn um 9,7% frá árinu á undan. Þjónustugjöld heimilanna af greiðslukortanotkun eru áætluð um 11 ma.kr. og hækkuðu þau um 5% að raunvirði. Þar af er áætlað að heimilin hafi greitt um 4,1 ma.kr. fyrir debetkort og 7 ma.kr. fyrir kreditkort. Að raunvirði hækkuðu gjöld af debetkortum um 3,8% og af kreditkortum um 6,7%. Í næstu tveimur undirköflum er gerð nánari grein fyrir kostnaði heimila á notkun greiðslumiðla og greiðslukorta skipt eftir því hvort þeir voru notaðir innanlands eða erlendis.

## Notkun innlendra greiðslumiðla innanlands

Áætlað er að heimilin hafi greitt um 7,2 ma.kr. í þjónustugjöld á árinu 2023 fyrir að nota greiðslumiðil innanlands. Gjöldin hækkuðu um 4% milli ára að raunvirði. Debetkort var mest notaði greiðslumiðillinn hjá söluaðilum á árinu eins og áður með tæplega 93 milljónir færslur eða 57% af heildargreiðslukortafærslum á árinu. Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir kostnaðarliðum fyrir notkun á greiðslumiðlum innanlands.

### Reiðufé

Áætlað er að heimilin hafi greitt um 732 m.kr. í þjónustugjöld fyrir notkun á reiðufé á árinu 2023 sem er um 14% hækkan að raunvirði frá árinu á undan. Að meðaltali kostaði hver reiðufjárfærsla um 370 kr. en kostaði um 237 kr. á árinu á undan. Hækkunina má rekja til þess að heimilin tóku út að meðaltali hærri fjárhæðir út í seðlum úr hraðbönkum. Þá hækkaði gjaldskrá á

4. Tímavirði er sá tími sem heimili áætla að taki að nota tiltekinn greiðslumiðil, m.a. til að greiða fyrir vöru og þjónustu, millifæra fjármuni í netbanka eða með smáforriti banka eða taka reiðufé út úr hraðbanka, margfaldaður með reglulegum launum á vinnumarkaði.

5. [https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Skjol-fyrir-forsidufrettir/Kostnadur%20við%20smagreidslumidlun%202023\\_17mai2023.pdf](https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Skjol-fyrir-forsidufrettir/Kostnadur%20við%20smagreidslumidlun%202023_17mai2023.pdf)

reiðufjárþjónustu hjá bönkum og sparisjóðum umtalsvert, þ.e. í þeim tilvikum þegar rukkað er gjald fyrir hraðbankaúttekt.

### Greiðslukort

Heimilin greiddu alls um 5,4 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir greiðslukortanotkun innanlands á árinu 2023 en kostnaðurinn samanstendur af árgjöldum greiðslukorta og færslugjöldum af debetkortanotkun hjá söluaðilum. Enginn munur er á kostnaði hvort sem notað er áþreifanlegt kort eða kort skráð í smáforriti. Að meðaltali kostaði hver greiðslukortafærsla um 33 kr. og kostaði hún nánast það sama að nafnvirði og árið á undan.

**Debetkort:** Áætlað er að heildargjöld fyrir notkun á debetkortum hafi verið um 1,6 ma.kr. og kostaði hver debetkortafærsla um 17 kr. að meðaltali (færslugjald + árgjald) en hún kostaði um 20 kr. á árinu 2022. Ástæðan fyrir lækkun gjalda er minni velta af debetkortum á sama tíma og færslum fjölgaði. Þá má gera ráð fyrir kostnaðurinn fari lækkandi þar sem að sparisjóðurinn Indó innheimtir engin gjöld af notkun debetkorta þó áhrifin séu enn sem komið er lítil að teknu tilliti til heildarveltu greiðslukorta.

**Kreditkort:** Áætlað er að heimilin hafi greitt um 3,7 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir að nota kreditkort innanlands á árinu 2023. Það er hækkun um rúmlega 3% að raunvirði frá fyrra ári. Ástæður að baki hækkunarinnar eru m.a. að árgjöld kreditkorta hjá bönkum og sparisjóðum hækkuðu. Hver færsla kostaði um 54 kr. að meðaltali en kostaði um 51 kr. á árinu á undan.

### Greiðsluþjónusta

Áætlað er að heildargjöld heimila fyrir aðra greiðsluþjónustu hafi numið um 1,1 ma.kr. á árinu 2023 og að þau hafi hækkað um 50% að raunvirði frá árinu 2022. Fyrirtækjum sem veita greiðsluþjónustu hafði fjölgað frá árinu 2022 sem gerir samanburðinn erfiðari. Því er betra að skoða kostnaðinn á hverja færslu og var hann um 1,4 kr. að meðaltali á móti 0,8 kr. á árinu 2022. Hækkunin er umtalsverð í prósentu en lítil í heildarsamhengi við kostnað í greiðslumiðlun. Gjald fyrir hverja

Tafla V-5 Kostnaður á hverja færslu heimila innanlands

Kr.	2021	2022	2023
Reiðufé	192,1	236,8	370,0
Greiðslukort	38,9	33,5	33,1
Debetkort	18,1	20,1	17,8
Kreditkort	67,4	51,4	54,1
Greiðsluþjónusta <sup>1</sup>	0,8	0,9	1,4

1. Millifærsla fjármuna á annan reikning, Netgíró, Þei, Aur og Kass, reikningsfirlit og skyld þjónusta.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

færslu á BNPL-lausn er mun hærri tala en ofangreint meðaltal segir til um en fáar færslur eru þar að baki.

## Notkun innlendra greiðslumiðla erlendis

Áætlað er að á árinu 2023 hafi heimilin greitt um 7,2 ma.kr. í þjónustugjöld og gengisálag fyrir að nota greiðslumiðla erlendis og millifæra fjármuni yfir landamæri. Gjöldin hækkuðu um 16% að raunvirði milli árána 2022 og 2023 sem skýrist að miklu leyti af auknum utanlandsferðum landsmanna, aukinni netverslun þar sem keypt var af erlendum söluaðilum og hækkun á gjaldskrá fyrirtækja í greiðslumiðlun. Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir gjöldum sem fylgdu hverri tegund greiðslumiðils.

### Gjaldeyrir (erlendir seðlar)

Áætlað er að þjónustugjöld af notkun gjaldeyris hafi verið rúmlega 670 m.kr. og hækkuðu þau um 214% frá árinu á undan sem kemur aðallega til af auknum úttektum úr hraðbönkum erlendis. Hver færsla kostaði um 437 kr. að meðaltali en kostaði um 118 kr. á árinu 2022. Þetta gefur til kynna að gjöldin hafi líka hækkað umtalsvert því að öllu jöfnu ætti kostnaður á hverja færslu að lækka með fjölgun færslna.

### Greiðslukort

Greiðslukort eru algengasti greiðslumiðillinn sem notaður er við kaup á vöru og þjónustu erlendis og á erlendum vefsíðum. Heildarvelta innlendra greiðslukorta erlendis var rúmlega 299 ma.kr. á árinu 2023 og hækkaði að raunvirði um 6,8% frá árinu á undan. Færslufjöldinn jókst um 22% á sama tímabili. Í fyrri mælingum hafa heimilin notað kreditkortin aðeins meira en debetkort til að greiða fyrir vöru og þjónustu erlendis en það breyttist á árinu 2023 því þá fjölgaði færslum debetkorta á kostnað kreditkorta. Heimilin notuðu sem dæmi debetkort 20 milljón sinnum í útlöndum sem er um 52% af heildarfærslufjöldanum erlendis og kreditkort um 18,7 milljón sinnum sem er um 48% af heildarfærslum. Kreditkortaveltan er þó áfram hærri en debetkortaveltan.

Gjöld af greiðslukortanotkun erlendis námu um 5,7 ma.kr. og þar af greiddu heimilin um 5,4 ma.kr. í gengisálag. Að raunvirði hækkuðu gjöld greiðslukorta um 14% frá árinu á undan sem skýrist að nokkru leyti af meiri neyslu erlendis. Gjald á hverja greiðslukortanotkun var að meðaltali um 147 kr. en var um 148 kr. á árinu á undan.



**Debetkort:** Áætlað er að þjónustugjöld fyrir notkun á debetkortum erlendis hafi verið um 2,5 ma.kr. á árinu 2023 og hækkuðu þau um 28% að raunvirði frá árinu á undan. Hver færsla kostaði um 121 kr. að meðaltali en kostaði á árinu 2022 um 118 kr. að meðaltali (færslugjald + gengisálag). Bein hækkun var því á gjöldum fyrir notkun debetkorta hjá fyrirtækjum í greiðslumiðlun en eins og fyrr segir innheimtir Indó sparisjóður engin gjöld á debetkort sem hann gefur út.

**Kreditkort:** Þjónustugjöld heimila fyrir kreditkortanotkun erlendis eru áætluð um 3,3 ma.kr. á árinu 2023 sem er 6% hækkun að raunvirði frá árinu á undan. Eins og í tilfalli debetkorta jókst kreditkortanotkun erlendis en þó minna en notkun debetkorta. Gjöld af kreditkortum eru hærri en gjöld af debetkortum. Hver kreditkortafærsla árið 2023 kostaði að meðaltali um 175 kr. (færslugjald + gengisálag) en kostaði 177 kr. á árinu á undan. Lækkunin skýrist einkum af því að fjöldi færslna var meiri á árinu 2023.

### Greiðsluþjónusta

Þjónustugjöld sem heimilin greiddu til banka og þjónustuaðila innanlands fyrir greiðslur yfir landamæri námu um 777 m.kr. á árinu 2023 og lækkuðu þau um 19% að raunvirði milli ára. Rafrænum færslum fækkaði lítillega á milli ára en gjöldin stóðu í stað. Að meðaltali kostaði hver færsla um 2.166 kr. á árinu 2023 en sú fjárhæð er óháð því til hvaða lands færslan fór. Samkvæmt síðasta mati frá 2022 kostaði hver færsla um 2.261 kr. að meðaltali. Um 40% rafrænna millifærslna fer til landa á EES-svæðinu en 60% til annarra ríkja. Þegar búið er að sundurliða færslur eftir svæðum þá kemur í ljós að hver færsla kostaði um 750 kr. að meðaltali ef móttakandi var innan EES-svæðisins og færslan í evrum en annars um 2.100 kr. Ástæðan fyrir lægri kostnað við að senda evrur innan EES-svæðisins er innleiðing reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginlegt evrugreiðslusvæði (SEPA).<sup>6</sup>

### Tafla V-6 Kostnaður á hverja færslu heimila erlendis

Kr.	2021	2022	2023
Gjaldeyrir	99,8	118,2	437,4
Greiðslukort	147,4	148,2	147,0
Debetkort	156,7	117,8	121,0
Kreditkort	131,3	176,7	175,3
Greiðsluþjónusta <sup>1</sup>	1742,5	2261,1	2166,1

1. Millifærsla fjármuna á annan reikning, Netgíró, Pei, Aur og Kass, reikningsyfirlit og skyld þjónusta.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

6. Sjá m.a. hér: <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/154b/i32012R0260.pdf>

Um 90% allra peningasendinga fara út fyrir EES-svæðið. Gjöld á peningasendingar yfir landamæri eru mun hærri en fyrir rafræna millifærslu á reikning erlendis. Að meðaltali kostaði hver færsla á peningasendingu yfir landamæri um 3.340 kr. og hélt óbreytt frá árinu á undan.

# Heildarsamfélagskostnaður



Áætlaður kostnaður samfélagsins af notkun greiðslumiðla hér á landi á árinu 2023 var um 42,8 ma.kr. en með kostnaði Seðlabankans og undirverktökum um 53,9 ma.kr. á verðlagi þess árs eða um 1,25% af vergri landsframleiðslu (VLF). Án fórnarkostnaðar heimila af notkun greiðslumiðla og greiðsluþjónustu er áætlað að kostnaður samfélagsins hafi verið um 1,08% af VLF.

Á árinu 2021 var kostnaðurinn áætlaður um 1,43% af VLF þess árs. Í hlutfalli af VLF hefur samfélagskostnaður vegna greiðslumiðlunar því lækkað. Samanlagt nam kostnaður við notkun greiðslukorta 0,56% af VLF en kostnaðurinn hefur lækkað milli ára. Skýringin er sú að greiðslumiðlun með greiðslukorti er skilvirkari í dag en áður þar sem fleiri nota greiðslukort í snjalltæki í dag sem tekur minni tíma í notkun en ef notað er greiðslukort úr plasti. Á móti er kostnaður sem tengist rafrænni greiðslumiðlun að hækka s.s. kostnaður við netöryggi og fjársvik. Hluti af kostnaði við greiðslukortasvik er greiddur af viðskiptabönkum og sparisjóðum en hluti hans fellur á heimili, s.s. þegar korthafi gefur upp og samþykkir greiðslu frá svikafyrirtæki. Ekki er tekið tillit til kostnaðar heimila af greiðslukortasvikum í þessu mati. Þá skilar meiri verðbólga sér almennt í hærri

Tafla VI-1 Samfélagskostnaður eftir greiðslumiðli

	Hlutfall		% VLF			
	ma.kr.	%	2023	2021	2018	2014
Reiðufé	5,9	11,0	0,14	0,18	0,35	0,3
Greiðslukort	24,4	45,3	0,56	0,63	1,25	1,1
þ.a. debetkort	12,2	22,7	0,28	0,62	0,62	
þ.a. kreditkort	12,2	22,6	0,28	0,33	0,33	
Greiðsluþjónusta	23,5	43,7	0,55	29		
Alls	53,9	100,0	1,25	1,43	1,6	1,4


Heimild: Seðlabanki Íslands.

kostnað í greiðslumiðlun og það á við um niðurstöðurnar í þessari greiningu.

Kostnaðarhagkvæmni í smágreiðslumiðlun er best metin með því að bera saman einingarverð á ólíkum greiðslumiðlum. Með hagræðingu í greiðslumiðlun og fjölgun færslna getur samfélagskostnaður á hverja færslu lækkað að meðaltali.

Á árinu 2023 kom notkun á debetkorti best út úr matinu eins og í fyrri greiningum en einingarverð hennar mældist um 135 kr. að meðaltali samanborið við 170 kr. fyrir notkun á kreditkorti. Samanburður milli ára á greiðslukortum er þó ekki nákvæmur en gefur vísendingu um kostnað samfélagsins við að nota tiltekna greiðslumiðla.

Áætlað er að hver reiðufjárfærsla hafi kostað um 364 kr. að meðaltali en kostnaður á færslu var um 430 kr. á árinu 2021. Lækkunin er komin til vegna hag-



ræðingar í umsýslu með reiðufé, fækkunar útibúa og þjónustu við þá sem vilja nýta reiðufé. Sú hagræðing er jákvæð út frá kostnaðarsjónarmiði en hún getur grafið undan þeim möguleika að nota reiðufé sem varalausn og skert möguleika þeirra sem geta ekki, af einhverjum ástæðum, nýtt sér rafræna greiðslumiðla.

Kostnaður á hverja færslu við greiðsluþjónustu hækkaði milli árunna 2021 og 2023. Greiðsluþjónusta er umfangsmesti kostnaðarliðurinn á hverja færslu en undir hana falla m.a. rekstur greiðslubúnaðar við milli-færslu fjármuna í netbanka og með smáforriti banka, rekstur á BNPL lausnum og greiðslu-smáforritum (P2P).

# Samanburður

## VII

Það er erfitt að bera saman kostnað við smágreiðslumiðlun milli landa þar sem ekki er notast við samræmda aðferðafræði og lönd búa ekki við sömu stærðarhagkvæmni í greiðslumiðlun. Um þessar mundir eiga seðlabankar á Norðurlöndunum samstarf um að samræma og greina kostnað við smágreiðslumiðlun. Fjármálamarkaður á Íslandi er mjög lítill og þar sem stór hluti kostnaðar við greiðslumiðlun er fastur lækkar kostnaður við hverja færslu eftir því sem þeim fjölgar. Því ætti ekki að koma á óvart ef færslukostnaður við íslenska greiðslumiðlun er hærrí en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Það sem hefur líka áhrif á samanburð er að ólíkir greiðslumiðlar geta verið í notkun milli landa og það er mismunandi hvaða greiðslumiðill nær mikilli útbreiðslu meðal heimila. Kreditkortanotkun er nánast jafnmikil og debetkortanotkun hér á landi en á hinum Norðurlöndunum hefur debetkortanotkun verið ráðandi.<sup>1</sup> Í Svíþjóð og Danmörku er algengt að heimilin noti RÍR-lausn sem byggist á millifærslum milli banka-reikninga (e. Account to account, A2A) þegar keypt er vara eða þjónusta á netinu en slík lausn er enn sem komið er lítið notuð hér á landi.<sup>2</sup> Það sem er þó sammerkt með öllum Norðurlöndunum er að reiðufjárnotkun er lítil.

Á árinu 2023 birti sænski seðlabankinn niðurstöður úr kostnaðargreiningu við smágreiðslumiðlun, norski seðlabankinn birti niðurstöður árið 2022 og finnski seðlabankinn einnig á því ári. Í finnsku kostnaðargreiningunni er ekki tekið tillit til kostnaðar heimila

og aðeins að hluta til kostnaðar hjá færsluhirðum. Ekki er því hægt að bera íslenskar niðurstöður sem liggja fyrir í þessu riti við finnsku niðurstöðurnar og eingöngu er hægt að bera saman að hluta niðurstöður úr norsku og sænsku greiningunum. Samkvæmt niðurstöðum úr sænsku könnuninni sem fór fram á árinu 2021 nam samfélagskostnaður við greiðslumiðlun um 0,93% af VLF en hér á Íslandi mældist hann 1,43% á sama ári. Kostnaður við debetkortafærslu kom best út í Svíþjóð eins og í þeirri kostnaðargreiningu sem hér er kynnt. Hver færsla í Svíþjóð kostaði á árinu 2021 um 3,7 sænskar krónur eða um 55 íslenskar krónur. Í norsku könnuninni frá 2020 var samfélagskostnaðurinn um 0,79% af VLF og hver debetkortafærsla kostaði í íslenskum krónum um 48 kr. í innlenda debetkortakerfinu (BankAxept) en annars kostaði debetkortafærslan í íslenskum krónum um 68 kr.

1. Kreditkortanotkun hefur þó verið að sækja í sig veðrið í Noregi, sjá nánari umfjöllun í *Fjármálastöðugleikariti* Seðlabankans 2024/2.

2. Á árinu 2024 hóf Blikk, fyrirtæki í greiðslumiðlun að bjóða upp A2A-lausn en áður hefur slík lausn ekki verið í boði hér á landi.

# Niðurstöður

## VIII

Seðlabanki Íslands hefur þrisvar sinnum áður mælt samfélagskostnað hér á landi. Fyrsta mælingin var birt á árinu 2016 þar sem stuðst var við gögn frá 2014. Næsta var birt 2019 og tók mið af gögnum frá 2018 og þar á eftir kom út rit árið 2022 með niðurstöðum úr gögnum frá 2021. Fyrstu tvær mælingarnar tóku ekki tillit til eins margra kostnaðarþátta og gert er í þessari mælingu og í mælingunni frá 2021. Einnig hefur aðferðafræðinni verið breytt á tímabilinu sem gerir það að verkum að samanburðurinn innbyrðis er ekki fullkominn. Það sem einkennir þó niðurstöðurnar er að samfélagskostnaðurinn hefur lækkað í hlutfalli við VLF milli kannananna frá 2018-2023 sem er í samræmi við niðurstöður sænsku og norsku kannananna. Megin skýringin er að notkun á reiðufé hefur dregist saman en á sama tíma hefur kostnaður á hverja færslu hækkað og er hann mun hærri en við notkun á raf-rænum greiðslumiðli. Eins og fram kom í inngangi mælir Seðlabankinn kostnað af notkun greiðslumiðla en ekki þann samfélagsávinning sem getur hlotist af notkun þeirra. Reiðufé mælist sem dæmi óhagkvæmt í notkun en það getur samt haft mikilvæga þýðingu í samfélaginu sem varúðartæki m.a. í rafmagnsleysi. Það er því ekki nóg að greiðslumiðill beri lægstan kostnaðinn heldur þarf hann líka, sem er ekki síður mikilvægt, að vera öruggur og traustur miðill.

Samfélagskostnaður dreifist á þrjá þátttakendur í greiðslumiðlun en hann skiptist ekki jafnt á milli þeirra. Mestan kostnaðinn bera þeir sem veita greiðslumiðlun en ef gjöldin eru eingöngu skoðuð þá báru söluaðilar hæstan kostnaðinn á árinu 2023 eða um 16 ma.kr. og næst komu heimilin með rúmlega 14 ma.kr. Ef tekið er tillit til óbeins kostnaðar þá má segja að heimilin hafi greitt mestan kostnaðinn.

Hver reiðufjárfærsla, en þar undir fellur hraðbankaúttekt og reiðufjárúttekt hjá gjaldkera, kostaði heimilin mest eða um 370 kr. að meðaltali innanlands en minnst kostaði hver færsla heimilin ef þau notuðu debetkort hjá söluaðila innanlands. Í tilviki debetkorta kostaði færslan um 18 kr. að meðaltali. Gjöldin hækkuðu umtalsvert þegar greiðslumiðill var notaður erlendis hjá söluaðila en þá fór hver debetkortafærsla í 118 kr. að meðaltali. Kostnaðurinn var enn hærri með kreditkort og kostaði hver færsla hjá söluaðila að meðaltali um 177 kr.

Að mati Seðlabankans er enn tækifæri til þess að lækka kostnað við greiðslumiðlun. Það verður helst gert með því að fækka milliliðum við vinnslu og uppgjör rafrænna greiðslumiðla sem taka sinn skerf fyrir þá þjónustu sem þeir veita. Um þessar mundir fer fram greining í bankanum á kostnaði við rekstur á miðlægum innvið fyrir greiðslubeiðnir. Með slíkum innviði verður hægt að beina greiðslum beint í gegnum bankareikninga án milliliða og mögulega skapast þá forsendur til að lækka kostnað við smágreiðslumiðlun.



KOSTNAÐUR VIÐ  
SMÁGREIÐSLUMIÐLUN  
2025